

Nd.

73. Frumvarp til laga

[68. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 20. apríl 1971.

Flm.: Vilborg Harðardóttir.

1. gr.

Niður falli úr 72. gr. laganna eftirfarandi: „Tryggingastofnuninni er ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 6 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir sé ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann.“

Í stað þess komi: Meðlag greiðist strax frá fæðingu barns meðan gengið er frá úrskurði.

2. gr.

Niður falli úr 73. gr. laganna: „og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til að afla sér slíks úrskurðar.“

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum er meðlagsgreiðslum þannig háttáð, að Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki meðlag fyrir en að fengnum meðlagsúrskurði hjá Sakadómi. Neiti faðir að gangast við barni dregst úrskurður og þar með meðlagsgreiðslur í a. m. k. 6 mánuði eða þar til blóðrannsókn getur farið fram í fyrsta lagi. En síðan getur málið enn dregist lengi fyrir dómstólum og eru dæmi til að barnsfaðernismál hafi dregist allt upp í 4 ár. Stundum næst ekki til barnsföður fyrir en mörgum mánuðum, jafnvel árum, eftir fæðingu barns, og er þá ekki hægt að sækja um meðlag á meðan. Þá kemur fyrir, að ekki tekst að feðra barn þrátt fyrir tilraunir til þess, og fellur þá í hlut ríkissjóðs að greiða meðlagið. Í öllum tilfellum fær móðirin meðlagið greitt eftir á aftur í tímann, en ekki þó lengra aftur en 6 mánuði, nema til komi vottorð frá Sakadómi að meðlagsúrskurðar hafi verið leitað áður en barnið náði 6 mánaða aldri. Þó má aldrei greiða meðlag lengra aftur í tímann en 18 mánuði.

Að sjálfsögðu er þörf móður og barns allra mest í kringum fæðingu og meðan móðirin er frá vinnu og því kemur barnsfararkostnaður, sem greiddur er löngu eftir á, að litlu gagni. Sama gildir um meðlag, sem greitt er löngu eftir á, — það leysir ekki erfiðleika móðurinnar þann tíma sem hún fær engan stuðning. Þar við bætist, að venjulega hefur kaupmáttur viðkomandi peningaupphæðar talsvert rýrnað á 6—18 mánuðum, því meðlagið er greitt án vaxta og í þeirri krónutölu sem það var á hverjum tíma.

Til að hamla gegn hugsanlegri misnotkun laganna í því skyni að losa barnsföður undan meðlagsskyldu má setja nánari reglur, t. d. um að meðlagsgreiðslur fyrir úrskurð séu háðar því skilyrði, að innan hálfis árs frá fæðingu barnsins sé lagt fram vottorð frá Sakadómi um að unnið sé að faðernismálinu.